

UMRÆÐAN

Leikskólinn á tímamótum

Unnur Stefánsdóttir skrifar um upplendi og kennslu

Það hefur vart farið framhjá neinum að mikil umræða hefur verið um leikskólamála á þessu hausti.

Staðreynd málsins er sú að allir foreldrar ætla að eignast börn, allir foreldrar vilja að barn þeirra komist í leikskóla, helst allan daginn, en það er ekki til nógu margt fólk sem vill vinna það upplendis- og menntunarstarf sem þarf að vinna í leikskólum.

Umræða um þessi mál er ekki ný af nálinni, en hefur þó verið óvenju mikil á þessu hausti, enda ástandið líklega aldrei verið verra hvað varðar mönnun í leikskólum.

Undantekningar eru þó frá manneklunni, því mörg bæjarfélög þekkja ekki þetta vanda-mál og má þar nefna Akureyri, Akranes og Grindavík.

Höfuðborgarsvæðið stendur verst að vígi í þessum málum, en þó er staðan í Garðabæ góð. Mikilvægt er að ráðamenn ríkis og sveitarfélaga takist á við þetta mál og horfi nokkur ár fram í

tímann. Fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar töluðu flestir flokkar um að hafa leikskólann gjaldfrjálsan. Ég spyr, er það lausnin til þess að fá fleira fólk til starfa við kennslu og upplendi í leikskóla?

Nám í leikskólafræðum

Eitt af því sem hægt væri að gera er að auka nemendafjölda í leikskólafræðum við háskólana og spurning er hvort ekki þarf að taka upp millinám, svipað og Reykjavík og sveitarfélögin í Suðvesturkjördæmi

hafa gert, svokölluð leikskólabrú. Það er mjög gott að fólk fari í þriggja til fimm ára háskólanám, en það er líka gott að þeir sem af einhverjum ástæðum geta ekki tekið svo langt nám, hafi tækifæri til að mennta sig í þessum fræðum á styttri tíma, öðlist ákveðin réttindi og stöðu með hærri launum.

Ný leið sem gæti nýst vel

Aðra leið mætti einnig skoða til þess að leikskólarnir fengju fólk til starfa, hún er sú að það verði hluti af kennaranámi að vinna eitt

» Mannekla í leikskólum, nám í leikskólafræðum, ný leið sem gæti nýst vel, laun og viðvera, hvað vilja foreldrar.

ár í leikskóla áður en bóklega kennslan hefst að nokkru marki. Undirrituð gekk í gegnum slíka skólun fyrir rúmum 30 árum. Námið var á þeim tíma þrjú vetur og eitt sumar. Fyrsti veturinn var vinna í leikskóla og fór ég í leikskólann Hamraborg við Grænuhlíð í Reykjavík og vann þar á eldri deild í 9 mánuði með kennara. Þarna kynntist ég því starfi sem fram fer í leikskóla og varð heldur betur reynslunni ríkari. Ég verð að viðurkenna að oft var ég mjög hugsuð yfir þessu starfi sem ég var að velja mér, en það var líka óskaplega gaman og börnin eru einstök og enn þann dag í dag man ég eftir þeim mörgum. Mín ákvörðun var sú að fara í bóknaðið og var það sérlega áhugavert og var ég stolt og ánægð við útskrift og hef starfað nær öll árin síðan við leikskólamála. Þess má geta að við vorum 45 nemendur sem útskrifuðumst það árið og yfir 90% eru enn að vinna í faginu.

Ef þessi leið yrði farin kæmi á hverju hausti inn ákveðinn hópur fólks sem væri tryggur í stafi heilán vetur og það væri jafnframt undirbúningur fyrir hann að bóknaðinu.

Laun og viðvera

Það er pólitísk spurning í dag hvort greiða eigi hærri laun til kennara og annarra sem vinna að upplendi barna í leikskóla. Kennari sem hefur þrjú til fimm ár að baki úr háskóla og vinnur 36 klukkustundir á dag með barnahóp, þarf að vera með góð laun. Úthaldið þarf að vera mjög gott og reyndar eru fáir kennarar sem eru komnir yfir 50 árin enn í kennarastöðum í 100% starfi. Deildarstjóri sem er búinn að vinna í faginu í 20 ár í 100% starfi með 35 klukkustunda viðveru með börnunum, er með 292.188 þúsund krónur í laun á mánuði. Hvernig væri nú að hækka þessi

laun verulega svo allir geti verið stoltir af?

Hvað segja foreldrar

Flestir foreldrar velja það að hafa börn sín í leikskóla átta til átta og hálfan tíma á dag. Mikilvægt er að börnum þeirra líði vel og að sem flest fagfólk skipuleggi og annist það upplendi og kennslu sem barn þeirra fær.

Í dag borgar sveitarfélagið um 75% kostnað af hverju plássi á mánuði og foreldrar um 25%. Spyrja má hvort þessari tölu sé rétt skipt. Er foreldrar e.t.v. tilbúnir að borga hærri hlutfall og þar með kæmi inn peningur fyrir hærri launum starfsfólksins?

Hvet ég foreldra hér með til að láta heyra meira í sér og hafa skoðun á því hvað þurfi að gera í þessum málum.

Höfundur er framkvæmdastjóri hjá Skólum ehf.



Unnur Stefánsdóttir

FASTEIGNASALAN
GIMLI

Traust þjónusta í 30 ár
GRENSÁSVEGI 13,
SÍMI 570 4800 - FAX 570 4810
Árni Stefánsson, viðskiptafræðingur
og lögg. fasteignasali

OPIÐ HÚS

SELJAVEGUR 13 - GLÆSIL. ÍB. OG RIS



Glæsileg og björt 3ja herbergja íbúð á 2. hæð ásamt 3ja herb. íbúð í risi í góðu húsi í göngufæri við miðbæ Reykjavíkur. Íbúðin hefur öll verið endurnýjuð og hefur ekkert verið til sparað. Í eldhúsi er gegnheil beyki innrétting og vönduð stáltæki frá AEG. Bað er flísalagt í hólf og gólf, upph. salerni, handklæðaofn, innrétting og t.f. þvottavél (verið er að sérs. innr.). Gólfefni eru: Parket og náttúruflísar. Rafmagn, ofnar og lagnir allt ný endurnýjað. Nýl, er búið að endurnýja risibúð. Sjón er sögu ríkari. Garður í góðri rækt. LAUS FLJÓTLEGA. Verð 47,5 millj. Einnig er hægt að fá keypt alla húseignina.

VERIÐ VELKOMINN Í DAG MILLI KL. 14-15.
SIGRÚN OG ANNÝ TAKA Á MÓTI GESTUM.

SELJAVEGUR 13 - GLÆSIL. ÍB. Á 1. HÆÐ



Falleg og björt 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í góðu húsi í göngufæri við miðbæ Reykjavíkur. Íbúðin hefur öll verið endurnýjuð og hefur ekkert verið til sparað. Eldhúsinrétting er hvítlökkuð með borðplötum úr gegnheilii hnotu, stáltæki. Bað er flísalagt í hólf og gólf, upph. salerni, handklæðaofn og innrétting. Gólfefni eru: Eikarparket og náttúruflísar. Rafmagn, ofnar og lagnir allt ný endurnýjað. Útg. á timburverönd og þaðan í garði sem er í góðri rækt. Sjón er sögu ríkari. LAUS FLJÓTLEGA. Verð 27,5 millj. Einnig er hægt að fá keypta alla húseignina. Þetta er eign sem gefur mikla möguleika td. til útleigu.

VERIÐ VELKOMINN Í DAG MILLI KL. 14-15.
SIGRÚN OG ANNÝ TAKA Á MÓTI GESTUM.

SAFAMÝRI 83 - EFRI SÉRHÆÐ



Vorum að fá í einkasölu 180 fm efri sérhæð í góðu þrjúbýli með 30 fm bílskúr (íbúðin er 150 fm og bílskúr 30 fm) á þessum eftirsóttasta stað í austurbæ Reykjavíkur. Hús nýl. tekið í gegn að utan og málað. Þrjú svefnherbergi og tvær stórar og bjartar stofur. Fallegar innréttingar. Baðherbergi nýl. standsett. Góð staðsetning við opið svæði. Verð 41,0 millj.

BIRNA OG YNGVI SÝNA EIGNINA Í DAG SUNNUGAG FRÁ KL. 14-15.

www.gimli.is - ww.mbl.is/gimli

FÉLAG FASTEIGNASALA

Auglýsing vegna aukningar stofnfjár

Ákveðið hefur verið að auka stofnfé um kr. 23.726.114.700 með útboði þar sem stofnfjáreigendum verður boðið að skrá sig fyrir nýju stofnfé sbr. samþykktir sparisjóðsins þar að lútandi. Heildarnafnverð nýs stofnfjár í útboðinu er kr. 12.200.000.000 og er verð hvers stofnfjárhlutar kr. 1,94776350. Útboðið sem nú fer í hönd er til að styrkja og efla starfsemi sparisjóðsins.

Í dag hafa allir stofnfjárhlutir í Byr sparisjóði verið skráðir rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands. Svo mun einnig verða um nýtt stofnfé sem gefið verður út í tengslum við aukningu þessa.

Útboðslýsingu vegna stofnfjáraukningarinnar er að finna á heimasíðu Byrs sparisjóðs www.byr.is. Jafnframt má nálgast lýsinguna í útibúum Byrs sparisjóðs. Þjónustuver veitir upplýsingar um útboðið í síma 575 4100.

Áskriftartímabil stendur yfir frá og með 3. desember, til og með 14. desember næstkomandi. Eindagi áskrifta er 21. desember 2007.

Reykjavík, 2. desember 2007


BYR
SPARISJÓÐUR